


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Febrúar 2025

Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag




Jan. '25	21,7%	20,5%	16,2%	12,7%	10,6%	6,7%	5,2%	3,5%
Des. '24	21,4%	20,1%	13,8%	12,4%	13,1%	6,3%	6,0%	3,1%
Kosningar 2024	20,8%	19,4%	15,8%	12,1%	13,8%	7,8%	4,0%	3,0%


Stuðningur við ríkisstjórn



Stuðningur við stjórnarflokka



Fylgismæling - afstaða



Fylgi Viðreisnar eykst en fylgi Flokks fólksins minnkar

Helstu breytingar milli mælinga eru þær að fylgi Viðreisnar eykst um rösklega tvö prósentustig á sama tíma og fylgi Flokks fólksins minnkar um sama hlutfall. Rúmlega 16% kysu Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag og tæplega 11% Flokk fólksins. Breyting á fylgi annarra flokka milli mælinga er 0,1-0,9 prósentustig og ekki tölfræðilega marktæk. Nær 22% kysu Samfylkinguna, rösklega 20% Sjálfstæðisflokkinn, næstum 13% Miðflokkinn, nær 7% Framsóknarflokkinn, rúmlega 5% Sósiálistaflokkinn, ríflega 3% Pírata, rúmlega 2% Vinstri græn og næstum 1% aðra flokka.

Tæplega 6% myndu skila auðu eða ekki kjósa og næstum 11% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Nær 69% þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 2. janúar - 2. febrúar 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.908 og þátttökuhlutfall var 48,6%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,4-1,2%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.